

## Fundargerð

48. fundur erfðanefndar landbúnaðarins  
Haldin á Teams 11. apríl 2024 kl. 10:00 – 11:00

Mættir: Árni Bragason (ÁB), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Birna Kristín Baldursdóttir (BKB), Þorvaldur Kristjánsson (ÞK) og Pawel Wasowicz (PW).  
Formaður setti fundinn. BKB ritaði fundargerð.

Efni fundarins er bréf sem barst nefndinni þann 20. mars frá Samkeppniseftirlitinu. Óskað Samkeppniseftirlitið eftir sjónarmiðum nefndarinnar varðandi kvörtun frá Alfred Schiöth vegna meintra brota nefndarinnar á samkeppnislögum og höfnunar Matvælastofnunnar á því að leyfa innflutning á 60 frjóeggjum af tegundunum *Barred Plymouth Rock* og *Rhode Island Red* frá Noregi.

Erfðanefnd landbúnaðarins starfar eftir búnaðarlögum nr. 70/1998 og lögum um innflutning dýra nr. 54/1990 og samkvæmt reglugerð um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði nr. 151/2005. Meginverkefni nefndarinnar er að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.

Í landsáætlun erfðanefndar landbúnaðarins er sérstaklega getið um þá íslensku búfjárstofna sem hafa varðveislugildi vegna sérstöðu sinnar og þar er íslenski hæsnastofninn á meðal; hinn svokallaði stofn landnámsheilsna. Varðveisla og verndun íslenska hæsnastofnsins hófst árið 1974 að frumkvæði Dr. Stefáns Aðalsteinssonar, búfjárerfðafræðings, þegar ljóst var að stofninn var í bráðri útrýmingarhættu og gæti búið yfir mikilvægum erfðabreytileika auk þjóðmenningarlegs gildis. Safnað var saman fuglum og eggjum víða um land sem mynduðu svokallaðan RALA stofn (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins) sem var viðhaldið á Keldnaholti í Reykjavík, síðar á Hvanneyri í Borgarfirði og dreifðust síðan þaðan víða um land. Eigenda- og ræktendafélag landnámsheilsna (ERL) hefur unnið ötullega að varðveislu stofnsins og notið stuðnings erfðanefndar landbúnaðarins við ýmis verkefni. Verkefni nefndarinnar eru m.a. samkvæmt reglugerð nr. 151/2005 að gera tillögur um aðgerðir og styrki til verndar og varðveislu búfjarkynja sem eru í útrýmingarhættu. Með innflutningi á ofan töldum stofnum telur nefndin að aukin hætta sé á erfðablöndun við íslenska hæsnastofninn og þar með útpynningu hans. Þar að auki getur innflutningur á stofnum sem eru samnyttja skapað aukna samkeppni (í líffræðilegum skilningi) við íslensku landnámsheilsuna sem getur leitt til fækkunar stofnsins.

Varðandi innflutning á frjóeggjum atvinnubænda í alifuglarækt til endurnýjunar stofnfugla þá er erfðanefnd landbúnaðarins ekki umsagnaraðili, enda ekki um samnyttja stofna að ræða.

Talið er að stofn íslenskra hænsna telji rúmlega 3000 fugla og virk stofnstærð ( $N_e$ ) var metin rúmlega 36 einstaklingar<sup>1</sup>. Virk stofnstærð er sú stærð sem oftast er miðað við þegar lagt er mat á erfðafjölbreytileika stofna. Samkvæmt viðmiðum FAO<sup>2</sup> flokkast hann sem stofn í útrýmingarhættu því virk stofnstærð þyrfti að vera  $> 100$  að lágmarki. Ljóst er að íslenski hæsnastofninn er í viðkvæmri stöðu og varðveislugildi hans er nokkuð. Óvissa ríkir þó um nokkra mikilvæga þætti, meðal annars skyldleikarækt og hversu blandaður stofninn er við erlend hæsnakyn. Verið er að undirbúa rannsókn á stofninum sem hefur m.a. að markmiði að útkljá óvissu um uppruna íslenskra hænsna og varðveislugildi og yrði grunnur að vísindalegri nálgun við verndun stofnsins. Auk þess vinnur ERL að því að setja upp gagnagrunn fyrir skráningar og betra utnumhald.

Meðan ekki hefur tekist að halda með viðunandi hætti utan um stofn íslensku hænunnar þá er afstaða erfðanefndar landbúnaðarins óbreytt og telur innflutning á samnytja erlendum hæsnakynjum ógn við stofn sem er í útrýmingarhættu og líffræðilegan fjölbreytileika.

Fundi slitið kl. 11

#### Heimildir:

1. Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (2011) Erfðaðafjölbreytileiki innan íslenska hæsnastofnsins með greiningu örtungla. BS ritgerð, Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri.  
<https://skemman.is/bitstream/1946/9252/1/BS%20c3%93l%c3%b6f%20c3%93sk%20Gu%c3%b0mundsd%c3%b3r.pdf>
2. FAO 2015. *The Second Report on the State of the World's Animal Genetic Resources for Food and Agriculture*, edited by B.D. Scherf & D. Pilling. FAO Commission on Genetic Resources for Food and Agriculture Assessments. Rome (available at <http://www.fao.org/3/a-i4787e/index.html>).